

Vesturbæjarblaðið



Dreift frítt í öll hús í póstnúmer 101 og 107

Erum einnig á visir.is

FEBRÚAR 2021

2. tbl. 24. árg.

OPIÐ
8-24
ALLA DAGA
Á EIÐISTORGI
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla


Netverslun: systrasamlagid.is

- bls. 4-5
Viðtal við Rögnu
Kjartansdóttur
hljóðvinnslu-
fræðing og
tónlistarmann



Þessar þrjár stúlkur í Landakotsskóla ákváðu að baka í tilefni öskudagsins og eru hér með matreiðslukennara sínum.

Bakað á Öskudaginn

Öskudagurinn var með nokkuð öðru sniði í ár en venjulega. Koma þar til ýmsar takmarkanir vegna sóttvarna. Venja undanfarinna ára er að börn fari um gangi í verslanir og banki einnig á dyr á heimilum og syngi fyrir fólk og fái sælgæti að launum.

Grunnskólar fella niður hefðbundna kennsludagskrá og efna til ýmissa viðburða innan veggja skólanna. Að loknum skóladegi eru börnin svona að halda út til að syngja. Nokkuð var um það í ár en minna en venjulega. Börnin í Landakotsskóla gerðu sér ýmsan dagamun. Þar á meðal þessar stúlkur í Landakotsskóla sem ákváðu að baka í tilefni dagsins og eru hér með matreiðslukennara sínum.

Öskudagurinn á sér langa hefð. Nafnið öskudagur kemur fyrir í íslenskum handritum frá 14. öld og leiða má líkum að því að það sé enn eldra. Dagurinn gegnir þar sama hlutverki hér og í öðrum kaþólskum sið í Evrópu. Hann var upphaf lönguföstu sem átti að vera tími íhugunar og góðrar breytni í aðdraganda páska. Hátíðleiki öskudagsins hefur fyrir löngu breyst í gleði og gaman og á hann sér sérstakan stað í hjörtum barna sem gera sér glaðan dag.

Velkomin á Grandann

Nú sækjum við og skilum bílum



AFGREIÐSLUTIMI
mán. – fös. kl. 8–16:30



Hólmaslóð 2, 101 Reykjavík Sími 570 9090 • www.frumherji.is



Grant Thornton

Endurskoðun • Skattur • Ráðgjöf

www.grantthornton.is

Grant Thornton endurskoðun ehf. er íslenskt aðildarfélag Grant Thornton International Ltd., sem er eitt af fremstu alþjóðlegu samtökum sjálfstæðra endurskoðunar og ráðgjafaryrirtækja. Grant Thornton endurskoðun ehf. sérhæfir sig í að aðstoða rekstraraðila við að nýta tækifæri til vaxtar og bættrar afkomu með skilvirkri ráðgjöf. Framsýnn hópur starfsmanna, undir stjórn eigenda, sem ávallt eru aðgengilegir viðskiptavinum, nýta þekkingu og reynslu sína til að greina flókin málefni og finna lausnir fyrir viðskiptavinum sínum, hvort sem það eru einkarekin, skráð félög eða opinberar stofnanir. Yfir 35.000 starfsmenn Grant Thornton fyrirtækja í meira en 100 þjóðlöndum, leggja metnað sinn í að vinna að hag viðskiptavina, samstarfsmanna og samfélagsins sem þeir starfa í.



Melabúðin
VERSLUN SÆLKERANS

HELGARTILBOÐ

Tilboð gildir 25-28 feb.

Hvernig væri að hafa hægeldaða lambaskanka um helgina?



1598.-
kg

LAMBASKANKAR

Safaríkt lambafilé á grillið, pönnuna eða ofninn um helgina?



4998.-
kg

LAMBAFILÉ

Vesturbæjarblaðið

Útgefandi: Borgarblöð ehf.

Eiðistorgi 13-15 • 172 Seltjarnarnes • Pósthólf 171

Ritstjóri: Þórður Ingimarsson • Sími: 893 5904

Netfang: thordingimars@gmail.com

Auglýsingasími: 511 1188 • 552 1953 • 895 8298

Heimasíða: borgarblod.is

Netfang: borgarblod@simnet.is

Framkvæmda- og auglýsingastjóri: Kristján Jóhannsson

Umbrot: Valur Kristjánsson

Prentun: Landsprent ehf.

Dreifing: Morgunblaðið

2. tbl. 24. árgangur

Vesturbæjarblaðinu er dreift í hvert hús í pósthúsum 107, 102 og 101.

Hús og hótél

Ýmsar framkvæmdir standa yfir eða eru á döfinni í Vestur- og Miðbæ Reykjavíkur. Fyrirhugað er að reisa allt að 330 nýjar íbúðir á Héðinsreitnum. Því til viðbótar er gert ráð fyrir að reisa yfir 80 nýjar íbúðir á Byko-reitnum til móts við JL-húsið. Þarna er um að ræða yfir 400 íbúðir sem koma eiga í gagnið á næstu tveimur árum.

Íljósi íbúaspár og þörf fyrir nýjar íbúðir á höfuðborgarsvæðinu má gera ráð fyrir að þessar íbúðir muni nýtast vel. Þær eru flestar af minni gerðum – tveggja til fjögurra herbergja en vöntun hefur verið á slíkum íbúðum á markað.

Fjölgun íbúða og þar með íbúa í Vesturbænum kemur byggðinni til góða. Fjölbreytni samfélagsins eykst og aðstaða til þjónustu batnar með fleiri notendum. Vesturbærinn er vinsælt íbúðasvæði í mikilli nánd við kjarna Reykjavíkur. Nánast í göngufæri við Miðborgina. Vart þarf að hafa áhyggjur af að ekki náist að selja þessar íbúðir.

Á sama tíma er verið reisa þrjú stór hótél með alls um 540 hótélherbergi í Miðborg Reykjavíkur. Þetta er gert á sama tíma og 34 af 58 hótélum á höfuðborgarsvæðinu eru lokuð eða tæplega 60% og gistinóttum á höfuðborgarsvæðinu fækkaði um 89% milli árana 2019 og 2020.

Fyrir um áratug tóku ferðamenn að flæða hingað til lands. Ferðamennskan var kærkomin samfélagi sem var að ná sér af stórum áföllum tengdum hrúni banka og fjármálastofnana 2008.

Surning er um hvernig ferðþjónustan muni vaxa og þróast að nýju. Undirstöður samfélagsins voru veikar til að þola það álag sem af ferðamenskunni leiddi og landið ekki síður. Ef til vill þarf að endurmeta áhrif hennar í ljósi aðstæðna. Græðgisvæðing er engum til góða. Vonandi nýtast þau mannvirki sem verið er að reisa. Hvort sem verður til að hýsa ferðamenn eða til annarra þarfa.

HÚSAVIÐGERÐIR.IS

ALHLIÐA MÚR- OG STEYPUVIÐGERÐIR

Hafðu samband
Við skoðum og gerum tilboð!

www.husavidgerdir.is/hafa-samband
info@husavidgerdir.is - Sími 565-7070

Finndu okkur á
Facebook

Um 330 íbúðir munu rísa á Héðinsreit



Fyrirhuguð byggð við Héðinsreit.

Allt að 330 nýjar íbúðir munu rísa á Héðinsreit sem afmarkast af Ánanaustum, Vesturgötu og Mýrargötu.

Framkvæmdir við byggingu á Héðinsreitnum í Vesturbæ Reykjavíkur eru hafnar. Það eru fasteignaþróunarfélögin Festir og Spilda sem standa að þessum verkefnum. Á vegum Festi er verið að undirbúa byggingu 228 íbúða og Spilda er að hefja uppbyggingu á 102 íbúðum. Þetta eru einkum smærri íbúðir að meðalstærð undir 70 fermetrum. Íbúðir sem eiga að henta mjög fjölbreyttum hópi fólks, hvort sem það er ungt fólk sem er að koma sér inn á markaðinn eða fólk sem er að minnka við sig. Á liðnu ári hófst bygging 1.174 íbúða samkvæmt tölum



Séð yfir Héðinsreit sem dregur nafn af Vélsmiðjunni Héðni sem lengi var í Héðinshúsinu við Seljaveg.

byggingafulltrúa. Í samanburði árinu 2018 sem var metár í sögu hófst bygging 1.417 íbúða á íbúðauppbyggingar í borginni.

Um 540 hótélherbergi í byggingu

- þrátt fyrir 89% fækkun gistinátta og 34 hótél lokuð

Verið er að reisa samtals um 540 hótélherbergi í miðbæ Reykjavíkur. Þessi herbergi verða í þremur hótélum í miðbænum. Gistinóttum á höfuðborgarsvæðinu fækkaði um 89% milli árana 2019 og 2020. Þá eru 34 af 58 hótélum lokuð eða tæplega 60% þeirra. Þrátt fyrir þetta er verið að reisa þrjú mjög stór hótél í miðbæ Reykjavíkur.

Fasteignaþróunarfélagið Lindarvatn er að reisa 163 herbergja hótél á svokölluðum Landsímareit við Austurvöll. Icelandair Hotels hafa gert 25 ára leigusamning við Lindarvatn og ætla að reka þar hótél undir merkjum Hilton keðjunnar. Hótelið á að heita Iceland Parliament Hotel. Við Lækjargötuna eru Íslandshótél að reisa 125 herbergja hótél sem kemur til með að heita Hótél Reykjavík. Þar hefur verið unnið í hæðgangi. Eigendur ákváðu að draga saman seglin í apríl og var framkvæmdin sett á ís í fimm eða sex mánuði. Þegar mönnum fannst vera að rofa til í túristamálum á liðnu sumri var ákveðið að loka húsinu til að verja það skemmdum. Ætlunin er að fara að setja allt á fullt og setja fullan slagkraft í framkvæmdirnar og

ætlunin er að opna Hótél Reykjavík vorið 2022. Þriðja hótelið sem er í byggingu er við hliðina á Hörpu. Þar er verið að ljúka við fimm stjörnu hótél, Reykjavík Edition, sem verður rekið af Marriott hótélkeðjunni. 253 herbergi verða á hótelinu. Það er Carpenter & Company sem stendur að byggingunni.



Iceland Parliament Hotel við Austurvöll að framkvæmdum loknum.



Þannig mun Hótél Reykjavík við Lækjargötu lita út að byggingaframkvæmdum loknum.



Reykjavík Edition hótél við Hörpu.

KRAMBÚÐIN HEFUR OPNAÐ Í HR!

Bjóðum alla velkomna!



Afgreiðslutími Menntavegi:

7:30 – 20:00 virka daga

10.00 – 18.00 helgar



Krumbúðin

PANTAÐU Í NETVERSLUN NETTÓ OG SÆKTU Í HR

1. Farðu á slóðina **netto.is**
2. Ýttu á **netverslun**
3. Veldu póstnúmerið
4. Verslaðu sem aldrei fyrr
5. Veldu afhendingarmáta: **Krumbúðin HR**



Vörur
sem pantaðar
eru fyrir kl. 10:00
verður hægt að sækja
í Krumbúðina HR
samdægurs.

Ég er Vesturbæingur og rappari

- segir Ragna Kjartansdóttir hljóðvinnslufræðingur og tónlistarmaður

Hún er fyrsti kvenkyns tónlistarmaðurinn sem kemur fram hér á landi á sviði rapptónlistar. Hún vakti fyrst athygli fyrir framlag sitt í Subterranean og Tha Faculty hópnum sem rappari í kringum aldamótin 2000. Eftir heimkomu frá námi tók hún aftur til við rappið. Í mars 2019 gaf hún út sína aðra sólóplötu, sem ber heitið „Is Anybody Listening?“ Ragna Kjartansdóttir er menntuð í hljóðvinnslu og starfar einnig sem tónlistarmaður. Hún vinnur sjálfstætt að hljóðhönnun og hljóðvinnslu fyrir ýmsa aðila auk annarra tónlistarverkefna. Hún vann sem dæmi hljóðmyndina fyrir Latabæ, Ófærð, Brot og hefur sinnt ýmsum hljóðvinnsluverkefnum frá því hún lauk námi í New York. Nú vinnur hún meðal annars hljóðvinnslu fyrir þáttaseríu sem Baltasar Kormákur er að hefja framleiðslu á í samstarfi við Netflix og nefnist Katla. Ragna er Vesturbæingur en flutti um tíma í Kópavog með fjölskyldu sinni.

„Ég er Vesturbæingur“ segir Ragna. „Foreldrar mínir eru Kjartan Emilsson og Priscilla Zanoria sem er ættuð frá Filippseyjum. Þau kynntist í Flórída þar sem þau voru við nám og mamma fylgdi þabba hingað til lands að því loknu. Pabbi var að læra í flugskóla og mamma var í námi í verkfræði sem hún lauk síðan við Háskóla Íslands jafnframt því að læra þar einnig íslensku. Mamma er meðal fyrstu Filippseynganna sem fluttust hingað til lands. Hún var 24 ára gömul og aðeins fjórir Filippseyngar voru þá búsettir hér á landi.

Gekk framhjá með barnið

Ragna segir skemmtilega sögu frá því er hún fæddist. „Mamma beið í ofvæni á fæðingardeildinni eftir því að komið væri með barnið, mig inn í stofuna til hennar. Pabbi var á leiðinni úr vinnu og mamma talaði þá enn litla íslensku þótt það breyttist

síðar. Svo kom ljósmóðirin með barn í fanginu. Barnið var dökkt á hörund eins og ég og mamma taldi sig vera að fá barnið sitt. Henni brá hins vegar mjög þegar ljósmóðirin gekk fram hjá henni að konunni sem beið í næsta rúmi. Greinilega íslensk kona. Hún hugsaði hvað væri að gerast. Varla gætu mörg börn af asískum uppruna verið að fæðast á sama tíma. En ekki leið á löngu þar til önnur ljósmóðir birtist. Hún var líka með barn í fanginu sem samsvaraði húðlit mömmu. Málið skýrðist því faðir hins barnsins var einnig filippískur og var þá móðirin íslensk.

Þetta byrjaði allt á rappkvöldi í félagsmiðstöð

„Við bjuggum á Skeljagrandu í Vesturbænum og ég gekk í Grandaskólann og síðar Hagaskóla. Við fluttum síðan í Kópavog og ég fór í Hamrahlíðina þegar kom að framhaldsskóla. Áfangakerfið hentaði mér ágætlega. Þar er meira frelsi en innan bekkjakerfisins. Ég var í unglingsvinnunni í Kópavogi. Á þeim tíma var rappbáttur sem var kallaður Kroni í útvarpinu. Ég fór að hlusta á rapp og ég man að ég beið í ofvæni eftir þættinum í hverri viku. Svo gerðist það að á rappkvöldi í einni félagsmiðstöðinni að mér var ýtt inn í hring þar sem var „open mic“. Þar rappaði ég í fyrsta skipti fyrir framan aðra.“

Ekki bein tenging við íslenska tónlist

„Ég byrjaði að rappa þegar ég var 15 ára. Ég hafði ekki fengist við tónlist áður og hafði ekki hugsað um að verða



Ný hljómsveit Rögnu og Hildar heitir Red Riot. Fyrsta lagið þeirra kemur út nú á föstudaginn og heitir Bounce Back og verður að finna á öllum helstu streymisveitum. Mynd eftir Bryndísi Jónatansdóttur.

tónlistarmaður. Ég datt hreinlega inn í þetta. Síðan þá hafa orðið miklar breytingar. Rappið hefur þróast rétt eins og aðrar tónlistargreinar. Listamenn eins og A Tribe Called Quest, De La Soul, Common og Das EFX voru sérstaklega mótandi á þessum tíma.“ Ragna segir að rappið hafi byggst á trúverðugleika. „Flestir þekktust. Fylgdust hver með öðrum. Þekking á tónlistarmönnum og menningu tónlistarstefnunnar skipti höfuðmáli. Subterranean, sem þýða mætti innlend neðanjarðarmenning var

ekki aðeins hljómsveit heldur tenging fólks við þá tíma. Ég hafði ekki gert ráð fyrir þeirri athygli sem Subterranean fékk. Við sköpuðum tónlistina sjálf, þetta var neðanjarðarmenning sem spratt upp á yfirborðið með tímanum.“ Ragna var spurð hvort rappið geti átt sér einhverja fyrirmynd í íslenskri menningu. Éru íslensku rímurnar einhvers konar forveri rappsins. „Ekki beinlínis,“ segir hún. „Rappið á sér aðrar rætur en ef til vill má tengja þetta með þörfinni að tjá sig með notkun rímna.“

Á þeim tíma var rappbáttur sem var kallaður Kroni í útvarpi. Ég fór að hlusta á rapp og ég man að ég beið í ofvæni eftir þættinum í hverri viku. Svo gerðist það að kvöldi til í félagsmiðstöðinni að mér var ýtt í karaoke. Þar söng ég í fyrsta skipti.

Rapptónlistin samgróin íbúum New York

Ragna flutti til New York borgar um aldamótin 2000 til að læra hljóðupptöku. Hún notaði einnig tíma til að fylgjast með hip hop menningu í New York. Hún segir að eitt það merkilegasta sem hún upplifði við dvölina í New York hafi verið að finna hversu samgróin rapptónlistin sé íbúum borgarinnar.

Kom til baka sem Cell7

Eftir að Ragna flutti aftur til Íslands fór hún að einbeita sér að því að vinna í hljóðvinnslu. Hún kom svo aftur í sviðsljósið sem rappari árið 2013 sem sóló tónlistarkonan Cell7 með plötuna Cellf í samstarfi við fyrri samstarfsaðila úr Subterranean. Þegar vinkona hennar stakk upp á að hún myndi sækja um ríkisstyrk til að taka upp sólóplötu fór Ragna að láta sig dreyma um nýja tónlist. Sú tónlist sem Ragna kynnti á þeirri plötu var nokkuð öðruvísi en þeir straumar sem voru í rappinu. Hún var farin að skapa sér sinn eigin stíl. Í stað þess að fjalla um vímuefnaneyslu, efahegðingu eða frægð eins og algengt var í rappinu byggði hún tónlist sína meira á eigin reynslu „Ég lagði mikla áherslu á að vinna fjölbreytta plötu sem myndi ná til margra óháð því hvort rapptónlist höfðaði meira en önnur tónlist til hlustenda. Ég hafði lagt grunninn að flestum laganna þegar ég hóf lokavinnuna við plötuna. Ég lagði



FERSKUR FISKUR

DAGLEGA

MIKIÐ ÚRVAL SPENNANDI FISKRÉTTA

VERIÐ VELKOMIN



Nesvegur 100
Símar 562-1070, 896-4243
Opíð virka daga kl. 10 - 18:30





Ragna tilbúin á svið.
Mynd eftir Juliette Rowland.

Ég var í vafa um að nokkur myndi vilja fjármagna plötu eftir kvenkyns rappara. Ég fór að sækja um og mér til undrunar fékk ég fjóra styrki.

áherslu á sem mesta fjölbreytni. Vildi ná til sem flestra."

Ætlum að bjóða fólki tónlist heim til sín

Auk þess að vinna að ýmsum verkefnum sem Ragna tekur að sér og vinnur meira og minni í stúdíói sem hún hefur komið sér upp í bílskúrnum hjá sér er hún að leggja grunn að nýju verkefni. Hún er að vinna ásamt annarri konu Hildi að skapa tónlist undir nafninu Red Riot, saman

ætla þær að bjóða í heimaparty til flutnings í samkomum og jafnvel heimahúsum á komandi sumri. Hildur syngur og ég rappa. Við erum komnar vel á veg með fyrstu breiðskífuna okkar. Samkomubannið og aðrar takmarkanir vegna kórónuveirunnar hafa skapað nýjar aðstæður sem við höfum þurft að bregðast við. Nú ætlum við að koma með tónlist til fólks í stað þess að fá fólk til okkar. Þetta er heilmikil útgerð. Við verðum á ferð með fullan bíl af tækjum og tólum. Þetta er öðruvísi en að vera trúbador með kassagítar. Við ætlum að halda party heima

hjá fólki. Fólk á að geta dansað hvort sem það er heima í stofu eða í öðrum rýmum. Við förum að afhjúpa þetta verkefni á næstu dögum og ég er bjartsýn. Við ætlum okkur að gefa út plötu í framhaldinu. Ég veit um marga sem hafa þurft að fresta tónleikum eða hætta við þá. En það þýðir ekkert að gefast upp og ekki dugar að frjósa inni með nýjar hugmyndir. Maður verður að koma þeim út á meðal fólks. Þetta er tilvalið fyrir fólk sem vill slá í party ásamt vinum sínum og til að fylla upp í fjöldann getum við mögulega útvegað fleiri til að skapa betri stemningu. Þetta á allt eftir að koma í ljós."

Flest við höndina í Vesturbænum

Ragna er löngu komin til baka í Vesturbæinn. Kveðst alltaf hafa kunnað vel við sig þar. „Ég er Vesturbæingur. Ég bjó í áratug á Meistaravöllum. Hoppaði svo á milli íbúða. Þetta var svo stutt að hægt var að bera búslóðina á milli. Þar var enginn flutningabíll á ferð. Hér er líka svo stutt í allt. Strákurinn minn er í tómsundum í Frostaskjólínu. Maður hefur flest við höndina."



Geirsgata 1 • Sími 511 1888

Gómsæti í göngufæri

Viðskiptavinir Landsbankans eru ánægðari



Við erum glöð og þakklát að mælast efst banka í Íslensku ánægjuvuginni annað árið í röð.

Ánægja ykkar hvetur okkur áfram til að veita framúrskarandi þjónustu og verða betri banki á öllum sviðum.

Framkvæmdir hafnar á ný við Tryggvagötu



Tryggvagata framan við Hafnarhúsið.

Framkvæmdir eru hafnar á ný í Tryggvagötu. Síðastliðið sumar var unnið við fyrsta áfanga framkvæmdar Reykjavíkurborgar og Veitna við endurnýjun götunnar.

Nú er næsti áfangi verksins hafinn og takmarkast hann við gatnamót Tryggvagötu við Naustin annars vegar og Grófarinnar hins vegar. Aðgengi gangandi og hjólandi á svæðinu er tryggt en haldið verður opinni gönguleið meðfram Listasafni Reykjavíkur. Akandi umferð um Tryggvagötu er leidd um hjáleik bak við Hafnarhúsið framhjá framkvæmdasvæðinu. Hagstæð veðurskilyrði eru ástæða þess að hægt er að byrja á þessum áfanga nú. Þetta ætti að gefa rýmri tíma til að rannsaka og skrásetja þær fornleifar sem mögulega liggja þarna í jörðu. Veðurfarið leyfir hins vegar ekki að farið sé strax af stað með yfirborðsfrágang á þeim hluta Tryggvagötu sem liggur við Tollhúsið. Ekki er æskilegt að vinna við snjóbræðsluferfi á meðan frost er enn í jörðu og þar af leiðandi er ekki hægt að ljúka yfirborðsfrágangi sem stendur. Farið verður í þennan frágang um leið og færi gefst.

Íbúðir á Steindórsreitnum eftir tvö ár

Undirbúningur er hafinn að byggingu áttatíu og þriggja nýrra íbúða á Steindórsreitnum til móts við JL-húsið í Vesturbæ Reykjavíkur. Gert er ráð fyrir að fyrstu íbúðirnar verða tilbúnar eftir um það bil tvö ár eða um páska árið 2023. Það er fasteignapróunarfélagið Kaldalón sem stendur að byggingunni sem kosta mun á bilinu fjóra til fimm milljarða.

Atvinnuhúsnæði verður á jarðhæðinni sem snýr að Hringbraut og bílastæðakjallari undir húsunum. Húsnæðið verður byggt upp af tveimur íbúðarhúsabyggingum. Við hringtorgið á móti JL-húsinu verður aðalbyggingin sem verður fimm hæðir. Inngarður verður að baki hennar og þar að baki L laga bygging þar sem verða um 30 íbúðir. Gert er ráð fyrir að þarna verði tveggja, þriggja og fjögurra herbergja íbúðir. Um tíma var áformað að hótél yrði í hluta þessara bygginga en frá þeim var horfið.

Gömlu byggingarnar horfnar

Að undanfögnu hefur verið unnið að niðurrifi gömlu bygginganna á reitnum og eru þær nú horfnar. Steindór Einarsson, sem kallaður var bílakóngur Íslands, reisti húsið sem



Þannig munu byggingar á Steindórsreitnum líta út þegar framkvæmdum verður lokið.

verkstæði og bílageymslu á sínum tíma en hann rak stóra bílastöð í fjölda ára. Eftir að hann hætti starfsemi var ýmiskonar verslunarrekstur í húsinu. Meðan annars JL-Byggingarvörur á meðan JL veldið var og hét við Hringbrautina. Þá var fyrsta verslun Byko í Vesturbænum þar til húsa um árabíl þar til hún var flutt í Órfirisey. Þá var farið að kenna reitinn við þá verslun. Eftir það var matvöruverslun Víðis þar um tíma en eftir að hún hvarf af sjónarsviðinu voru gömlu Steindórshúsin að mestu ónotuð. Þótt þau væru notuð

fyrir viðgerðastöð og geymslu fyrir bíla Steindórs þá komu þau aðeins við menningarsögu þjóðarinnar. Það varð með þeim hætti að þar voru haldnir fyrstu stórtónleikarnir á Íslandi sem fóru fram mánudaginn 18. desember 1939. Hljómsveit, kór og einsöngvarar fluttu kórverkið Sköpunina eftir austurríska tónskáldið Franz Joseph Haydn undir stjórn Páls Ísólfssonar tónskálds og dómorganista. Þá var enginn salur í Reykjavík sem rúmaði heilan kór og stóra hljómsveit ásamt áheyrendum.

Kjöt

kompaní

GRANDI

VEFVERSLUN
HEIMSENDINGARÍBODI

Hafnarfjörði & Grandi

www.kjotkompani.is
☎ 578 9700
✉ kjotkompani@kjotkompani.is
📘 kjotkompani

MotorMax

Smurstöð

Opnunartímar

Virka daga 07:45 til 17:00

**ENGAR
TÍMAPANTANIR!**

Motormax er þjónustufyrirtæki í glæsilegu húsnæði að Vatnagörðum 12.

Við leggjum áherslu á smurþjónustu og bílaprif. Renndu við engar tímabantanir í smurþjónustu.

Tímabókanir fyrir bílaprif í síma 545 4040 og á: motormax@motormax.is



Motormax ehf.
Vatnagörðum 12
Sími: 545 4040

motormax@motormax.is

AS WE GROW

Umhverfisvæn íslensk hönnun



WWW.ASWGROW.IS
GARÐASTRÆTI 2 REYKJAVÍK

Kaupir Háskóli Íslands Bændahöllina?

- í því gæti falist tvöföld lausn – að nýja ónotað húsnæði og sameina starfsemi háskólans á einum stað



Háskólasvæðið séð úr loft. Myndin er ekki ný og hafa byggingar bæst við frá því hún var tekin þar á meðal Háskólatorgið. Á henni sést hins vegar vel hve nálægð Bændahallarinnar er við Aðalbyggingu háskólans og raunar allt athafnasvæði hans.

Jón Atli Benediktsson rektor Háskóla Íslands telur ódýrara að festa kaup á Bændahöllinni en að byggja nýtt húsnæði fyrir starfsemi Háskóla Íslands. Viðræður standa yfir milli háskólans og menntamálaráðuneytisins um kaupin. Hugmyndin að baki þeim er að flytja menntasvið Háskóla Íslands frá húsnæði gamla Kennaraskólans við Stakkahlíð í Bændahöllina auk þess sem til skoðunar er að þar verði skrifstofur, tæknideild og stúdentagarður.

Bændahöllin sem oftast er nefnd Hótel Saga er í eigu Bændasamtakanna. Bygging Bændahallarinnar á sér rætur aftur til upphafs sjöunda áratugs liðinna aldar. Þegar fyrst var rætt um byggingu skrifstofuhúss fyrir Bændasamtökin í Reykjavík var talað um að bæta við gistirými fyrir bændur þegar þeir ættu leið til höfuðborgarinnar. Úr varð að Bændahöllin var byggð á Melunum í Reykjavík. Til að fjármagna bygginguna var lagt aukagjald í búnaðarmálasjóð og nefnt Bændahallargjald sem var dregið af innleggi allra afurða bændur til afurðastöðva í tólf ár. Bændur lögðu því fram fjármagn úr eign vösum til byggingarinnar en nutu afsláttar af gistikjörum á Hótel Sögu. Byggingu fyrri hluta Bændahallarinnar lauk 1962 og viðbyggingu við hana 1985.

Búnaðarþing hafnaði nýju söluferli

Hótelrekstur undir nafni Hótel Sögu hófs um mitt sumar 1962 og hefur staðið óslitið þar til á liðnu hausti. Á ýmsu hefur gengið í rekstrinum. Hann varð erfiður eftir hrunið 2008 vegna mikilla skulda hótelsins. Eftir fjárhagslega endurskipulagningu 2013 leysti Arionbanki Hótel Ísland til sín sem þá var orðið hluti af rekstri Hótel Sögu og Bændasamtökin urðu að auka hlutafé sitt. Nokkur tilboð bárust í Hótel Sögu árið 2014 er Bændasamtökin reyndu sölu Bændahallarinnar en engu þeirra var tekið og söluferlinu var lokað árið eftir. Á Búnaðarþingi sama ár fékk stjórn Bændasamtakanna ekki heimild að hefja söluferli að nýju. Þá var ráðist í viðamiklar endurbætur á húsnæðinu en hluti þess var þá rúmlega hálfrar aldar gamall og farinn að þarfnast andlitslyftingar. Kostnaður við þær reyndust rekstrinum erfiður þegar harðnaði í ári – fyrst eftir fall WOW air og síðan heimsfaraldursins sem kenndur er við Covid19 og lokaði á ferðalög um allan heim.

Í greiðsluskjóli til 7. apríl

Bændahöllin, félag í eigu Bændasamtaka Íslands sem á umrædda fasteign, og Hótel Saga, félag í eigu samtakanna sem hafði með höndum rekstur hótelsins eru í greiðsluskjóli sem gildir til 7. apríl. Samtökin hafa verið í og eru í samskiptum og viðræðum við allmarga áhugasama aðila um málið.



Hótel Saga við Hagatorg.

Þar á meðal eru innlendir og erlendir fjárfestar sem hafa áhuga á að reka hótelið áfram, fyrirtæki á heilbrigðissviði sem kanna möguleika á að breyta hótelinu í hjúkrunarheimili og Háskóli Íslands sem sýnt hefur áhuga á að nýta bygginguna í þágu háskólans og nemenda hans. Ógerlegt er að sjá fyrir um möguleika á rekstri Hótel Sögu eða annars aðila í Bændahöllinni. Þeir ráðast meðal annars af þróun heimsfaraldursins Covid19 bæði hér á landi og annars staðar og opnum landamæra en einnig af því hvort einhverjir aðilar vilja leggja nýja fjármuni í reksturinn.

Er á háskólasvæðinu

Háskólinn er með mikla starfsemi í grennd við Bændahöllina. Háskólabíó er nýtt til fyrirlestra en það stendur á móti hótelinu. Landsbókasafn Háskólabókasafn er nokkrum skrefum frá og þar er nú verið að byggja Hús íslenskunnar. Tæknigarður er við Dunhaga. VR-II, þar sem meðal annars verkfræði er kennd er við Hjarðarhaga og Veröld - hús Vigdísar er spölkorn frá hótelinu. Handan við Suðurgötu er nokkur fjöldi bygginga á vegum háskólans þar á meðal Aðalbyggingin, Lögberg, Árnagarður og Askja náttúrufræðihús háskólans. Bændahöllin er í raun á háskólasvæðinu

Tvöföld lausn

Í ljósi þessa byggðamynsturs Háskóla Íslands og orða Jóns Atla Benediktssonar rektors um kostnaðarhlið þess að nýta Bændahöllina í stað nýrrar húsbýggingar og ekki síður að því er virðist erfiðra eða engra rekstarmöguleika Hótel Sögu virðist veruleg hagkvæmni felast í þeirri tvöföldu lausn sem hann hefur bent á. Að nýta Bændahöllina þar sem enginn rekstur fer nú fram í þágu háskólasamfélagsins hér á landi og að sameina starfsemi háskólans á háskólasvæðinu sem stefnt hefur verið að um árabli.

GÓLF- MOTTUR

við innganginn borga sig

CORAL®
Vörn gegn óhreindum og bleytu

KJARAN
SÍÐUMÚLA 14 • 108 REYKJAVÍK • SÍMI: 510 5510 • www.kjaran.is
OPIÐ VIRKA DAGA KL. 8 -18.

96
%

Inniheldur 96% vatn

Hrein og hér um bil bein

Gúrkan er sívinsæl í salatið og
svalandi millimál, enda 96% vatn.
Hún er ræktuð árið um kring með
hreinu, íslensku vatni og því
alltaf fáanleg fersk.



islenskt.is

ÞÚ VEIST
HVADAN ÞAÐ
KEMUR



Ár vonarinnar

2020 er ár sérstakra minninga og kallar fram ýmsar myndir í hugann. Sú sterkasta í mínum huga er líklega að standa fyrir altari og horfa á þrjátíu syrgjendur í útför, alla með grímu. Einhver úr hópnum höfðu tekið að sér að velja úr þau sem máttu koma. Aðrir horfðu í gegnum streymi. Ég dáðist oft síðasta ár að æðruleysi fólks og dugnaði þegar kom að því að laga sig að nýjum reglum á viðkvæmum stundum á ávinnni.



Steinunn Arnprúður Björnsdóttir, prestur í Nes Kirkju.

2021 er ár vonarinnar. Það hófst með tilslökun varðandi skólastarf sem gerði okkur í Nes Kirkju kleift að hefja aftur barna- og æskulýðsstarf og hitta fermingarbornin. Sunnudagaskóli, guðsþjónustur hófust að nýju og hægt og rólega eykst lífið í kirkjunni.

Eftir rafrænar hugvekjur og eilífa netfundi er dásamlegt að hitta fólk að nýju. Ein af lexíum síðasta árs er að þrátt fyrir stórkostlega tækni, sem vissulega skiptir sköpum á tímum samkomutakmarkana, þá kemur ekkert í staðinn fyrir að hitta annað fólk. Hlæja með fólki. Borða með fólki. Í kirkjunni bíðum við þess að geta að nýju haft altarisgöngur, sem í grunninn eru sameiginleg máltíð við altarisborðið. Borðað saman.

Þegar ég ræði við presta í öðrum löndum í Evrópu og í Bandaríkjunum finn ég sterkt fyrir þakklæti yfir að búa í landi þar sem vel er haldið utan um sóttvarnir og víðtæk sátt ríkir um að fylgja leiðbeiningum. Það er ekki sjálfsgætt. Það er ekki þannig alls staðar. Ég er þakklát fyrir þau sem leiða okkur í baráttunni gegn veirunni. Sem gera okkur kleift að hafa opna kirkju og taka á móti fólki.

Þórrinn að baki, nú er að þreyja Góuna. Fastan er nýhafin. Tími til að endurmeta og íhuga. Leggja áherslu á það sem skiptir máli. Henda grímum í 60 gráðu þvott enn og aftur, muna að þær eru til að vernda fólk í kringum okkur þegar aðstæður krefjast. Þetta snýst nefnilega um að vernda aðra. Að elska náungann eins og sjálfan sig. Að hafa grímu er að elska náungann, að spritta hendur er að elska náungann. Að halda fjarlægð er að elska náungann.

Aftir föstu er upprisufögnaður. Og þó að grímulaus fögnuður mannfjöldi náist ef til vill ekki á páska þá kemur að því. Höldum voninni á lofti og elskum náungann.

Axel kaupir Pétursbúð

Axel Sigurðsson sem um hríð hefur unnið í Pétursbúð á horni Ægisgötu og Ránargötu í Vesturbænum hefur fest kaup á búðinni með foreldrum sínum. Fyrri eigendur hafa staðið vaktina um árabíl en búðin er ein af síðustu hverfa-verslunum í Reykjavík.

Pétursbúð hefur lengi verið þekkt fyrir góða þjónustu og ekki síður langan opnunartíma eða til klukkan 22 á kvöldin. Hún hefur einnig verið eina af fáum verslunum sem hefur verið opin alla daga ársins - jóladag sem föstudag langa og nýársdag. Axel hyggjast reka búðina með sama sniði og verið hefur. Hann er klár í slaginn og segir búðina ómissandi í Vesturbænum



Axel Sigurðsson klár í slaginn í Pétursbúð.

FLYTJUM BÍLA OG VÉLAR UM ALLT LAND
OG TÖKUM BÍLA Í FÖRGUN - S: 840 9595



Sjálfbærni í Samfélagshúsinu Aflagranda 40

Félagsstarf Samfélagshússins er að mestu sjálfbært, sem þýðir að fólkið sem sækir Samfélagshúsið fær hugmynd að starfi og heldur utan um það. Við bjóðum upp á margskonar starf fyrir alla hópa og erum alltaf opin fyrir nýjum hugmyndum og áskorunum. Ukulelehópurinn hennar Huldu Emils er gott dæmi um sjálfbært félagsstarf. Huldu langaði að stofna hér Ukulelehóp eins og hún hafði verið í á Hawaii og úr varð þessi flott hópur sem æfir hér saman alla fimmtudagsmorgna opinn öllum. Hægt er að fá lánað hljóðfæri til að koma sér af stað.

Hér í húsi eru margir hópar eins og Ukulelehópurinn þar sem hugmynd kemur frá einstaklingi sem kemur starfinu af stað með aðstoð starfsfólks og eru svo einstaklingarnir í sjálfbærni við að halda utan um starfið og halda því gangandi. Bókaspjall Hrafn Jökulssonar og Söngstund Helgu Gunnarsdóttur eru bæði sjálfbær, koma þau til okkar alla miðvikudaga og er alltaf jafn dásamlegt að fá þau í hús.

Foreldramorgnar í nokkur ár

Hér í húsi voru foreldramorgnar í nokkur ár og finnum við þörfina til að bjóða upp á þennan vettvang á ný. Nú ætlum við að bjóða í morgunkaffi þar sem allir eru velkomnir. Stefnan er að taka á móti nýjum íbúum í hverfinu okkar opnum örmum og sjáum fyrir okkur að Samfélagshús hverfisins sé kjörinn staður til hittinga. Morgunkaffið mun hefjast á næstu vikum og verður það auglýst á facebooksíðu Samfélagshússins.

Líf og skemmtilegheit alla daga

Félagsstarf Samfélagshússins er öflugt bæði á hefðbundnum opnunartíma milli kl. 9:00 og 15:45 en einnig iðar húsið af lífi eftir lokun þar



Margskonar starf fyrir alla hópa er á Aflagrand 40.

sem meðal annars eru jóga hópar, Dungs and dragons klúbbur, Leynileikhúsið og Spunahópur í húsinu. Alltaf má bæta við meira starfi og hvetjum við Vesturbæinga til að hafa samband, ef þið hafið starf í huga eða vantar húsnæði undir hópastarf. Við leggjum okkur allar fram við að koma starfi fyrir í húsinu okkar og viljum við sjá það iðna af lífi og skemmtun alla daga. Hvetjum við ykkur til að finna okkur á facebook undir Samfélagshúsið Aflagrand 40 og má þar hafa samband við okkur og líka í síma 411 2701.

Komið og njótið.
Siri og Helga.

Nýbygging Alþingis

Botnplatan verður akkeri hússins

Að undanförmu hefur verið unnið að því að steypa fyrsta áfanga botnplötu nýbyggingar Alþingis. Alls fara um 380 rúmmetrar af steypu og 46 tonn af járn í plötuna.

Þykkt botnplötu hússins er að meðaltali 70 sentimetrar að því er fram kemur á vef Alþingis. Ástræðar þessar þykktar er að húsið fer á flot eftir að hætt verður að dæla jarðvatni úr grunninum. Þyngd plötunnar mun halda húsinu niðri en að öðrum kosti myndi það lyftast eins og skip á floti. Þungi botnplötunnar verður því eins konar akkeri sem heldur húsinu á sínum stað. Ákveðið hefur verið að dæla ekki vatni úr grunninum fyrr en uppsteypu allra fimm hæða hússins lýkur.



Steypuvinna við botnplötu Alþingis.




FYRIR TAK

málningarþjónusta

www.fyrirtak.is - fyrirtak@fyrirtak.is - sími: 7707997

LÍTIL VERK - STÓR VERK OG ALLT ÞAR Á MILLI


LÁN AÐ 36 MÁNUÐUM

NIVEA

**EXTRA
RAKAGEFANDI
MEÐ NÁTTÚRULEGU Q10
& LÍFRÆNNI ARGAN ÓLÍU**

**Q10 POWER
EXTRA NOURISHING**

- ✓ **MINNKAR HRUKKUR** á 4 vikum*
- ✓ **STINNARI HÚÐ** á 2 vikum*

*klínísk könnun, 30 þátttakendur, 4 vikur.



INNIHELDUR GERJAÐ Q10 & NÁTTÚRLEGA, VERNDANDI ARGAN ÓLÍU.

Frá Dómkirkjunni



Snæfríður Kjartansdóttir og Kjartan Magnússon lásu ritningarlestrana við messu í Dómkirkjunni sl. sunnudag. Á myndinni með þeim er séra Sveinn Valgeirsson Dómkirkjuprestur.

Kærleikurinn leiði þig, trúin lækni þig og vonin gleði þig. Það ríkir gleði í Dómkirkjunni yfir að nú megi hafa guðþjónustur. Það eru guðþjónustur eru alla sunnudaga klukkan 11.00, æðruleysismessu þriðja hvern sunnudag. Bæna- og kyrrðarstundir í hádeginu á þriðjudögum. Örpílagrimagöngur klukkan 18.00 á miðvikudögum. Alla fimmtudaga tíðasöngur kl. 17.00 og tónleikar kl. 18.30.

Verið hjartanlega velkomin í Dómkirkjuna.
Fylgist með okkur á fésbókinni.

Hundrað daga hátíð í Grandaskóla

Svonefnd 100 daga hátíð var haldin í Grandaskóla 11. febrúar. Það er ein af hefðum skólans að halda upp á þegar nemendur í fyrsta bekk hafa verið 100 daga í skólanum.

Þá er farið í skrúðgöngu um skólann, fjör er í íþróttasalnum, horft er saman á mynd og pizzuveisla er svo í lokin.



Landakotsskóli

Jöklaverkefni í þriðja bekk

Nemendur þriðja bekkjar Landkotsskóls og þriðja bekkjar frá International A Group tóku höndum saman í tvo daga fyrir skömmu og tóku þátt í myndlistaverkefni sem byggt var á þema jökla.

Börnin lærð um þau, heimsóttu listasafnið, tóku þátt í listaverkefni á bókasafninu og einnig í danssmíðju. Hápunktur atburðarins var að vinna með listamanninum á staðnum, Margréti Blöndal, til að skapa okkar eigin jökulinnblásna list.

Börnin að vinna jökulinnblásna list með Margréti Blöndal.



Landakotsskóli

Í þriðja sæti á skákmóti

Landakotsskóli lenti í þriðja sæti á Íslandsmóti grunnskólasveita í skák sem fór fram laugardaginn 30. janúar í húsnæði Skákskóla Íslands.

Landakotsskóli sendi eina sveit á mótið þar sem tefldu stúlkur úr 6. til 10. bekk. Sveit Landakotsskóla stóð sig með mikilli þrýði á mótinu og endaði í þriðja sæti með 9 vinninga eftir 5 umferðir. Sveit Landakotsskóla var skipuð Iðunn Helgadóttir, 8. bekk, sem fékk fullt hús vinninga (5) á 1. borði; Ástu Eddu Árnadóttir 7. bekk, sem fékk tvo vinninga á 2. borði; og Tinna Sif Prastardóttir 7. bekk, sem hlaut tvo vinninga á þriðja borði. Liðsstjóri var Una Strand Viðarsdóttir.



Skáksveit Landakotsskóla

Eignaumsjón 20 ára þekking og reynsla!

- » Gott viðmót
- » Fagleg þekking
- » Skilvirkar lausnir
- » Gagnsæjar upplýsingar
- » Hlutlaus og fagleg nálgun



Suðurlandsbraut 30
108 Reykjavík
Sími 585 4800
thjonusta@eignaumsjon.is
eignaumsjon.is

• EIGNAumsjón

20 ára

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

Auðbrekku 1, Kópavogi

ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNsla

Símar allan sólarhringinn:

581 3300 & 896 8242

Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er

www.utfarin.is



SÍÐAN 1996

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242



ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR



Sverrir Einarsson

Landakotsskóli

100 daga afmæli 1. bekkjar



Nemendur 1. bekkjar Landakotsskóla héldu upp á að vera búin að vera 100 daga í skólanum 29. janúar sl. Börnin fögnuðu því með ýmsu skemmtilegu, meðal annars gengu þau inn í allar skólastofur með gleðilátum.

Hundrað daga hátíð í Melaskóla

Fyrsti bekkur Melaskóla hélt upp á 100 daga hátíð 8. febrúar. Stemningin var einstaklega góð þegar börnin þrömmuðu um allan skólann og létu hressilega í sér heyra. Þegar búið var að þræmma um allan nýja og gamla skólann safnaðist fyrsti bekkur saman í skálanum og mynduðu þar saman töluna 100, standandi á gólfinu. Síðan voru sungin tvö þorralög, Þorraþrællinn og Þorrinn er kominn en það síðarnefnda er eitt af nýjum þorralögum eftir Ragnhildi Gísladóttur og Steinunni Þorvaldsdóttur.



Sköpunar-smiðja í Vesturbæjarskóla

Börn í sjötta bekk í Vesturbæjarskóla hafa unnið í sköpunar-smiðju að undanfögnu. Þar eru ákveðnar áherslur og aðferðir notaðar við kenningu til að auka áhuga og skilning. Unnið er eftir svonefndri „steam“ kennsluáferð sem tekur til vísinda (science), tækni (technology), verkfræði (engineering), sköpunar (art) og stærðfræði (mathematics). Nemendur læra að vinna eftir ákveðnu ferli þar sem þau þurfa að spyrja, hugsa, skipuleggja, byggja, prófa og laga. Nemendur læra forritun í Scratch, fá áskoranir í Minecraft og búa til burstavélmenni og blöðrubíl.



Frá sköpunar-smiðju í Vesturbæjarskóla.

SPÁÐU Í VORIÐ!



20% afsláttur af Viridian vítamínnum og bætiefnum til 3. mars. Fáðu ráðgjöf.



Wild Grace
Dekraðu við með lífærnem húðsnyrtivörum sem virka.

Spáðu í sumarið!
Allskonar falleg spáspil í Systrasamlaginu.



Acai skálin síðan 2016.
ALLTAF ljúf braðgóð og holl.

Reykelsi.
Án allra kemískra eiturog ilmeftna. Handunnin af munkum.



Afgreiðslutími:
Mán: 11-16
Þri-fös: 11-18
Lau: 11-16

ÓÐINGSGÖTU 1, REYKJAVÍK
systrasamlagid.is
@systrasamlagid
Sími: 511 6367

BÍLAVIÐGERÐIR GRANDA

S: 562 5999



S: 669 5999

FISKISLÓÐ 83 - 101 REYKJAVÍK

Aurum styrkir Bleiku slaufuna um 3,6 milljónir kr.



Ágóði af sölu Bleiku slaufunnar úr gulli og silfri rennur í Vísindasjóð Krabbameinsfélagsins. Sjóðurinn hefur veitt 227 milljónum í krabbameinsrannsóknir á Íslandi á undanförunum fjórum árum.

Hjónin Guðbjörg Kristín Ingvarsdóttir skartgripahönnuður í Aurum og Karl Jóhann Jóhannsson, framkvæmdastjóri Aurum afhentu nýlega ágóða sölu á sparilaufum Bleiku slaufunnar. Ágóðinn nam 3.597.450 kr og seldust bæði gull- og silfurslaufurnar upp enn eitt árið enda einstaklega fallegir skartgripir til styrktar mikilvægu málefni. Allur ágóði rennur til krabbameinsrannsóknna á Íslandi.

Laufey Tryggvadóttir, forstöðumaður Rannsókn- og skráningarseturs Krabbameinsfélagsins, veitti þessari glæsilegu gjöf viðtöku. „Við hjá Krabbameinsfélaginu höfum stundað rannsóknir í næstum 70 ár og vitum að rannsóknir eru forsenda þess að framfarir verði. Rannsóknir kosta mikið og því erum við afar þakklát fyrir þennan góða stuðning frá Aurum annað árið í röð.“

Laufey tók á móti styrknum ásamt Birnu Þórisdóttur, sérfræðingi í fræðslu og forvörnum og starfsmanni Vísindasjóðs Krabbameinsfélagsins. „Við minnum á að umsóknarfrestur um styrki í Vísindasjóðinn rennur út 2. mars og hvetjum við áhugasama um að kynna sér tilgang sjóðsins og úthlutunarreglur. Með stuðningi frábærra styrktaraðila eins og Guðbjargar og Karls í Aurum hefur sjóðurinn getað styrkt 30 rannsóknir fyrir alls 227 milljónir síðastliðin 4 ár.“

Krabbameinsfélagið þakkar Aurum innilega fyrir stuðninginn.

FALLEGIR LEGSTEINAR



Opið: 11-16
alla virka daga

Verið velkomin

Bergsteinar
legsteinagerð

Auðbrekku 4, 200 Kópavogi, sími: 537-1029, www.bergsteinar.is

Krambúðin opnar á Menntavegi

- á sama stað og Háskólabúðin var

Krambúðin á háskólasvæðinu er á Menntavegi þar sem Háskólabúðin var áður. Í Krambúðinni er lögð er áhersla á fljótlega holla og góða rétti, bakað er á staðnum, kaffi frá Kaffitár, mjólkurvörur, nauðsynlegasta snyrtivara, úrval af heilsuvörum, mikið úrval drykkjarkjörvörum og almenn matvara.

Haukur Benediktsson rekstrarstjóri Krambúðanna segir að í nýrri og glæsilegri kælieyju bjóði verslunin upp á mikið úrval af samlokum, vefjum, salati, sushi og tilbúnum réttum. Einnig pylsur bæði venjulegar og beikonvaðar sem njóta mikilla vinsælda. Mikið úrval er af smábrauðum og sætabrauði sem bakað er á staðnum. Aðspurður segir Haukur að þótt Krambúðin sé á Háskólasvæðinu og margir viðskiptavinir komi þaðan þá sé verslunin opin öllum viðskiptavinum hvaðan sem þeir koma. Hann bendir einnig á pöntunarþjónustuna. Hún er í gegnum Nettó og hægt að panta úr vöruúrvali Nettó verslananna.

„Með nýrri og breyttri verslun býðst nemendum, starfsfólki skólans og fólki í nærumhverfi að panta vörur úr netverslun Nettó og fá þær sendar í Krambúðina við Menntavegin í HR. Með því að bjóða viðskiptavinum okkar að sækja vörur úr lágvöruverðsverslun Nettó í Krambúðina mætum við þörfum háskólanema og íbúum íbúðarkjarnanna sem eru að byggjast upp í nágrenni við skólann. Hverfið er nýtt og engin lágvöruverðsverslun á svæðinu og því tilvalið að fá vörurnar sendar þangað. Það dregur einnig úr mengun og sparar viðskiptavinum okkur tíma,“ segir Haukur. Hann bendir einnig á að nemendur séu á fleygiferð og því hafi sjálfsafgreiðslukössum verið bætt við til að flýta fyrir. „Þannig komum við til móts við nútímalegar þarfir viðskiptavina okkar.“



Glæsileg kælieyja er í Krambúðinni við Menntaveg.



Fjölbreytt vöruúrval er að finna í Krambúðinni.

Gamla Sambands- og síðar bankahúsið rífið með haustinu

Stórbyggingin sem áður hófuðstöðvar Sambands íslenskra samvinnufélaga og síðar Íslandsbanka á Kirkjusandi verður rifin í sumar eða með næsta hausti. Mikil uppbygging hefur verið allt umhverfis húsið en skipulagning svæðisins standur enn yfir.

Húsið á sér nokkuð langa sögu. Það var upphaflega reist fyrir hraðfrystistöð Júpiter og Mars. Síðar stóð það næstum autt um árabíl en var endurgert fyrir höfuðstöðvar Sambandsins þegar þær voru fluttar úr gamla Sambandshúsinu á Lindargötunni. Eftir fall Sambandsins tók Glitnir síðar Íslandsbanki við húsinu og voru höfuðstöðvar Glitnis banka fluttar þangað árið 1995. Árinu 2017 varð mikillar myglu yart í húsinu voru höfuðstöðvar Íslandsbanka þá fluttar í annan turninn í Smáranum í Kópavogi.



Gamla Sambandshúsið og síðar bankahús til vinstri en nýjar byggingar sem risið hafa á svæðinu til hægri.

Í dag er húsið lokað og ekki í notkun, enda heilsuspillandi að vera þar innandyrna. Þegar að niðurrifi kemur verður varfærnislegum aðferðum beitt og spilliefni flokkuð frá.

Aldrei að skafa! Með Webasto bílahitara

Þú hitar bílinn með fjarstýringu og nýtur þannig þæginda og öryggis



Bílasmiðurinn hf. Bildshöfða 16 - 110 Reykjavík - sími 5672330 - www.bilasmiðurinn.is - bilasmiðurinn@bilasmiðurinn.is

Webasto
Feel the Drive

Hjálmarsmót í íþróttahúsi Hagaskóla

Borðtennisdeild KR hélt borðtennismót til minningar um Hjálmar Aðalsteinsson, íþróttakennara í Hagaskóla og borðtennismann úr KR, sem lést árið 2020. Hjálmarsmótið fór fram í Íþróttahúsi Hagaskóla sunnudaginn 7. febrúar. Fyrst var keppt í tvíliðaleik karla og kvenna en síðan var brugðið á leik og spilaður einliðaleikur með "öfugri" hönd.

Magnús Jóhann Hjartarson, Víkingi og Magnús Gauti Úlfarsson, BH sigruðu í tvíliðaleik karla og Lóa Florianadóttir Zink og Nevena Tasic, Víkingi, í tvíliðaleik kvenna.

Í karlaflokki sigruðu nafnarnir þá Birgi Ívarsson, BH og Inga Darvis Rodriguez, Víkingi 3-1 í úrslitum. Magnús og Magnús sigruðu Jóhannes Bjarka Urbancic Tómasson og Tómas Inga Shelton, BH 3-0 í undanúrslitum. Birgir og Ingi Darvis lögðu bræðurna Gest og Pétur Gunnarssyni 3-2 í hörkuleik í hinum undanúrslitunum.

Þær Lóa og Nevena sigruðu Láru Ívarsdóttur og Þóru Þórisdóttur, KR 3-1 í úrslitum. Lóa og Nevena unnu Önnu Sigurbjörnsdóttur og Guðrúnu Gestsdóttur, KR 3-0 í undanúrslitum. Í hinum undanúrslitunum sigruðu Lára og Þóra fyrrum Íslandsmeistara Aldísi Rún Lárusdóttur og Guðrúnu G. Björnsdóttur, KR 3-0. Guðrún hefur ekki keppt á mótum á Íslandi í mörg ár en er í stuttri heimsókn á Íslandi.

Á sk. Aðalmóti, þar sem leikið var með "öfugri" hönd sigraði Birgir Ívarsson, BH í karlaflokki, og Guðrún Gestsdóttir, KR í kvennaflokki.

Birgir vann Magnús Gauta



Myndirnar eru af af verðlaunahöfum í tvíliðaleik.

Úlfarsson, BH, 3-2 í úrslitum. Ingi Darvis Rodriguez, Víkingi og Pétur Marteinn Urbancic Tómasson, BH höfnuðu í 3.-4. sæti.

Guðrún lagði Ársól Clöru Arnardóttur, KR 3-0 í úrslitum. Í 3.-4. sæti urðu Anna

Sigurbjörnsdóttir, KR og Kristín Ingibjörg Magnúsdóttir, KR.

Á mótinu var notað nýtt app til mótahalds, sem Einar Geirsson, borðtennismaður úr KR hefur verið að þróa. Appið heitir tournero og má með því halda mót án pappírs.



Neskirkja

Guðspjónusta alla sunnudag kl. 11

Sunnudagskóli á sama tíma í safnaðarheimili

Söngur, gleði og samfélag

Taekwondo

Sigursælir KR-ingar á bikarmóti

Fyrsta taekwondo-mót ársins var haldið á vegum TKÍ í Ármannsheimilinu um helgina og gekk það eins og í sögu, þótt engir væru áhorfendurnir. Sautján KR-ingar skráðu sig til leiks, sjö í minior-flokki, 11 ára og yngri, níu í cadet-flokki 12 til 14 ára og ein í junior-flokki sem er 15 til 17 ára, og stóðu þau sig öll með þryði.

Keppt var í poomsae (formum) og sparring (bardaga) og hlutu KR krakkarnir samtals 11 gull, 3 silfur og 15 brons, sem verður að teljast stórgóður árangur.

Að auki var Benedikta Valgerður Jónsdóttir valin poomsae-kona mótsins, eftir sigur í öllum flokkum: einstaklings, para- og hópa.

Benedikta Valgerður Jónsdóttir valin poomsae-kona mótsins. Mynd: Tryggvi Rúnarsson.



Útfararþjónusta í yfir 70 ár


Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is
VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN



Geirsgata 1 • Sími 511 1888

Gómsæti í göngufæri





EXTRA ÓDÝRT

COSTCO VARA Á COSTCO VERÐI

**KIRKLAND
TRIPLE SATIN
WC PAPER - 4PK X 10**

2579

KR/PK



EXTRA
24

Kemur með Costco til þín...

Barónsstíg 4, 101 Reykjavík • Mýrarvegi, 600 Akureyri
Hafnargata 51-55, 230 Reykjanesbæ